



**Umhverfis og byggingasvið Hafnarfjarðar
Hr. Sigurður Haraldsson sviðsstjóri
Norðurhellu 2
221 Hafnarfjörður.**

Hafnarfirði 16. mars 2016.

**Efni. Fyrirspurn um næstu skref í uppbyggingu garðyrkjustöðvar í Porlákstúni.
Sölu og lagerhús úr íslenskum skógarviði.**

Garðyrkja ehf flutti þann 1. september síðastliðinn starfsemi sína frá Helluhrauni 2 hér í bæ á framtíðar svæði sitt, í Porlákstún við Lyngbárd.

Um nokkura ára skeið hefur staðið yfir endurbygging á Marteinshúsi og er henni nú nánast lokið. Gamla niðurnýdda húsið hefur gengið í endurnýjun lífdaga og þjónar nú væntanlegri garðyrkjustöð sem stjórnstöð og starfsmannaðstaða.

Áfram skal nú haldið og næstu skref stiginn.

Með bréfi þessu sendi ég teikningar af væntanlegu sölu- og lagerhúsi sem nauðsynlegt er að koma upp til þess að hefja plöntusölu á svæðinu.

Hugmyndin er að útlit hússins verði mjög náttúrulegt, bjálkahús úr íslenskum skógarviði. Burðarstöðir úr öflugum trjábolum og milli þeirra klætt með hálfbolum úr lerki eða greni.

Pakið verður tyrft með íslenskum lynggróðri, svokölluðu úthagatorfi. Innandyra verða gólfir hellulögð.

Framkvæmdatími er sumar og veturn 2016 og stefnt að opnun plöntusölu með allan algengan garðagróður snemmsumars 2017.

Einnig er sótt um áframhaldandi stöðuleyfi fyrir 40 feta gám þar til sölu- og lagerhúsið er fullbyggt eða til 1. júní 2017.

Virðingarfyllst

*Steinþór Einarsson /
Steinþór Einarsson skrúðgarðyrkjumeistari*

Garðyrkja ehf Lyngbarði 2 220 Hafnarfjörður Kt. 550399 – 2969
Sími 00354 564 1860 Gsm 00354 893 5470
gardyrkjan@simnet.is www.gardyrkjan.is